

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-94/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 21. október 2016 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á snjallúri af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur úrið haldið galla og krefst úrbóta.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 1. nóvember 2016 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust ekki. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á snjallúri, af gerðinni Samsung gear S2 classic, af seljanda þann 19. janúar 2016 fyrir 64.995 krónur. Í álitsbeiðni kemur eftirfarandi fram:

„[H]ringur sem kemur utan um skjá á úrinu datt af því og því farið með úrið í viðgerð þar sem þetta á að vera ábyrgðarmál. Þar fór úrið til tæknivara í viðgerð þar sem ábyrgð var neitað og úrið sagt mjög illa farið þó svo að það sjáist ekkert óeðlilegt á því fyrir utan smávægilega rispu á skjá og mér boðin viðgerð á úrinu fyrir 23.500 [krónur] sem ég ne[í]taði og fékk það því til baka með skoðunargjaldi upp á 3.261 [krónur]. Fór með úrið til úrsmíðamei[s]tara til að fá álit sem kostaði 5.000 [krónur] samkvæmt ráðleggingum neytendasamtakana. Sem var hunsað af hálfu [seljanda] en boðið að lækka viðgerðarkostnaðinn lítilla niður í 18.000 [krónur].“

Álitsbeiðandi telur að úrið sé gallað og krefst þess að seljandi geri við úrið á eigin kostnað og endurgreiði álitsbeiðanda þann kostnað sem hann hefur lagt út vegna málsins, samtals 8.261 krónur.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi bæti úr galla á snjallúri, sem hann festi kaup á þann 19. janúar 2016, sér að kostnaðarlausu auk skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar. Meintur galli lýsir sér á þann hátt að krómhringur, sem á að vera utan um skjá úrsins, losnaði og datt af. Seljandi virðist af gögnum málsins byggja á því að annmarki á

úrinu stafi af meðferð álitseiddanda, en seljandi hefur ekki sent athugasemdir til nefndarinnar vegna málsins.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir:

„Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flýst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrir en síðar.

Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar. [...]“

Samkvæmt síðastgreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að snjallúrið hafi ekki verið haldið galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Álitseiddandi festi kaup á úrinu þann 19. janúar 2016 og samkvæmt gögnum málsins kom álitseiddandi með úrið í skoðun til seljanda þann 7. október 2016. Úrið var því rúmlega 9 mánaða þegar umþrættir annmarkar komu fram sem leiðir til þess að á álitseiddanda hvílir að sýna fram á að úrið hafi verið gallað við afhendingu í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Álitseiddandi hefur haldið því fram að úrið sé ekki illa farið og meðferð hans hafi ekki valdið því að umþrættur hringur losnaði af úrinu. Í viðgerðarskýrslu frá Tæknivörum kemur eftirfarandi fram:

„Það sést mjög vel að úrið er illa farið og skemmt allt í kring. VV vill ekki nýja skjá á úrið, búinn að bjóða honum viðgerð. Send til baka með skoðunargjald.“

Í áliti úrsmiðs, dags. 18. október 2016, sem álitseiddandi aflaði og lagði fyrir nefndina, segir:

„Úrið er auðsjáanlega notað, smáar rispur báðumegin á úrkassa, eins ofaná úrkassanum við leðurólina. Ekki er að sjá merki þess að úrið hafi orðið fyrir þungu höggi. Hringurinn sem losnaði er án rispu (gæti verið úr hörðu rispufríu efni) og ekkert lím loðir við hann. Farið eða hrópin sem hringurinn á að liggja í er með leifum af mjúku lími sem hilur ekki allan flötin sem hringurinn á að hvíla á. Kantur sem er áfastur úrkassanum og er ætlað að hlífa glerinu og hringnum er með smá rispum ofan á kantinum. Ekki treysti ég mér til að segja til um hversvegna hringurinn losnaði, en betra er að hafa hringinn heillímdann.“

Af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu verður ekki séð að úrið hafi verið haldið galla í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup þegar álitseiddandi festi kaup á því rúmlega 9 mánuðum áður en krómhringurinn losnaði af. Ekki er hægt að fullyrða um það hversu lengi slíkt snjallúr á að endast og hlýtur endingartíminn raunar að fara eftir aðstæðum

hverju sinni, meðferð þess og notkun. Gera verður ráð fyrir því að slíkt úr eigi að geta enst í lengri tíma en 9 mánuði með réttri meðferð, en af öllum gögnum málsins má sjá þá staðreynd að úr álitsbeiðanda er rispað og engar aðrar mögulegar ástæður en meðferð álitsbeiðanda eru nefndar sem örsök þess að hringurinn losnaði. Telur kærunefndin því að álitsbeiðandi hafi ekki náð að sýna fram á að úrið hafi verið haldið galla við kaupin þann 19. janúar 2016. Verður ekki annað séð, eins og máli þessu er háttað, en að umræddur galli sé sök álitsbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hann varða í skilningi áður nefndrar 1. mgr. 26. gr. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson